# Verklagsreglur við brotum á skólareglum í Húsaskóla

Nemendum ber að fara eftir skólareglum í skólanum, á öllum viðburðum á vegum skólans og í ferðum. Kennari ræðir við nemendur um skólareglur og umgengni og gerir hópinn samábyrgðan fyrir góðum bekkjaranda og hvetjandi námsumhverfi. Kennari og nemendur búa saman til bekkjarsáttmála.

**Þrep 1**

**Stutt inngrip**

Starfsmaður eða kennari tekur á brotinu og upplýsir umsjónakennara ef við á.

**Þrep 2**

**Fyrsta brot**

Kennari ræðir við nemanda og sendir foreldrum bréf um samtalið ef við á.

**Þrep 3**

**Ítrekuð brot á reglum eða ógnandi hegðun**

Þrep 2 endurtekið: Lausnarteymi virkjað. Kennari boðar foreldra og nemenda til fundar um mögulegar lausnir.

**Þrep 4**

**Alvarleg brot**

Fundur með umsjónarkennara og nemenda, ásamt foreldrum og skólastjórnanda.

**Þrep 5**

**Ofbeldi og önnur alvarleg brot**

Fundur með foreldrum, nemanda og skólastjórnanda. Málinu er vísað til umfjöllunar hjá nemendaverndarráði til úrlausnar.

# Skólareglur Húsaskóla

## Almennar reglur...

### Við í Húsaskóla

**Við** leggjum áherslu á **virðingu, jákvæðni og samvinnu.**

**Við** berum ábyrgð á eigin námi, hegðun og samskiptum okkar við aðra.

**Við** göngum vel um húsnæði, búnað, tæki, eigur okkar og annarra.

**Við** leggjum okkur fram við að sinna hlutverki okkar.

**Við** gætum að öryggi allra á skólalóð.

**Við** förum eftir fyrirmælum alls starfsfólks.

**Við** notum ekki farsíma eða símaúr á skólatíma (8-16). Öll slík tæki skulu geymd í skólatösku á hljóðlausri stillingu.

**Við** mætum á réttum tíma, tökum virkan þátt í öllu skólastarfi og erum á því svæði sem okkur er ætlað hverju sinni.

**Við** komum með hollt og næringarríkt nesti, neytum ekki sætinda, gos- eða orkudrykkja á skólatíma og tökum allar umbúðir með okkur heim.

# Skólareglur Húsaskóla

## Ofbeldi og önnur alvarleg brot

Í Húsaskóla er erftirfarandi aldrei liðið...

- Hvers kyns ofbeldi: andlegt, líkamlegt og kynferðislegt
- Notkun vopna
- Alvarlegar hótanir og ögranir
- Notkun tóbaks, rafretta eða annara ávana fíkniefna
- Skemmdarverk
- Alls kyns áhættuhegðun
- Þjófnaður
- Óheimil mynd- og hljóðupptaka
- Ítrekuð brot á almennum reglum